

**REGLUGERÐ**  
**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 205/2023**  
**um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

15. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/474 frá 17. janúar 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar sértækar kröfur um framleiðslu og notkun á unglöntum sem eru ekki lífrænt ræktaðar, unglöntum í aðlögun og lífrænt ræktuðum unglöntum og öðru plöntufjölgunarefni. Reglugerðin er innleidd á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 294/2022, frá 9. desember 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8, frá 26. janúar 2023, bls. 93.

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og II. kafla laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 8. apríl 2024.*

F. h. r.  
**Benedikt Árnason.**

*Emilia Madeleine Heenen.*